



Láttu tónlistina vinna fyrir þig

2 Skapaðu réttu stemninguna með tónlist

TÓNLISTIN HEFUR ÞÁ EINSTÖKU EIGINLEIKA AÐ SKAPA STEMNINGU.

Ef valið er vandað og tónlist notuð á meðvitaðan hátt, getur þú náð fram þeirri stemningu sem hentar þínu fyrirtæki. Bíð viðskiptavina eftir afgreiðslu verður til dæmis léttari ef þeir heyra viðeigandi tónlist á meðan. Notkun tónlistar skilar sér í ánægðari viðskiptavinum og auknum viðskiptum.

Við allan opinberan flutning tónlistar ber að afla leyfis hjá STEFI (sjá: www.stef.is/notkun-tonlistar).

Rannsóknir sýna að:

- tónlist fær viðskiptavini til að dvelja lengur í verslunum og veitingastöðum, sem leiðir til aukinnar veltu.
- tónlist hefur jákvæð áhrif á starfsumhverfi.
- notkun tónlistar fær viðskiptavini til að muna frekar eftir vörumerkjum.
- viðskiptavinir bíða lengur eftir svari, sé tónlist leikin fyrir þá meðan þeir bíða í síma.

Hvar getur þú nýtt þér tónlist?

ÞAR SEM ÞÚ KEMST Í SNERTINGU VIÐ MÖGULEGA VIÐSKIPTAVINI OG STARFMENN.

- á veitingastöðum
- í verslunum og þjónusturýmum
- á hótélum og gististöðum
- í heilsuræktum
- í móttökurými fyrirtækja
- á heimasíðum fyrirtækja
- á símalínum
- á ráðstefnum og fundum
- á sýningum
- á árshátíðum og skemmtunum félaga og fyrirtækja

Tónlist getur verið mikilvægur hluti af ímynd fyrirtækis

SKILGREINDU HVERNIG ÞITT VÖRUMERKI HLJÓMAR

Tónlist er áhrifamikill miðill og fjölmörg fyrirtæki nýta tónlist til að hafa áhrif á upplifun viðskiptavina. Hvort sem um er að ræða verslanir, veitingahús, móttökur eða símalínur, þá hjálpar tónlist til við ímyndarsköpun.

Tónlist getur haft lykiláhrif í heildarupplifun viðskiptavina og um leið á samkeppnishæfni fyrirtækja.



4 Nokkur góð ráð um notkun tónlistar

Á HEIMASÍÐU STEFS (WWW.STEF.IS/NOTKUN-TONLISTAR/VERSLANIR/) ER AÐ FINNA NÁNARI UPPLÝSINGAR UM ÁHRIF TÓNLISTAR Á KAUPHEGÐUN, SVO OG AÐRAR GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR UM NOTKUN TÓNLISTAR FYRIR VIÐSKIPTAVINI STEFS.

1. Hugaðu að hljóðstyrknum

Hljóðstyrkurinn er afgerandi þáttur í því hvernig viðskiptavinir upplifa fyrirtækið þitt og getur haft mikil áhrif á hegðun þeirra. Taka þarf afstöðu til þess hvort tónlistin eigi að vera einkennandi og í forgrunni, eða hvort hún eigi að vera í bakgrunnshlutverki. Ef umhverfishljóð eru í rýminu, s.s. suð í kælum eða skrölt í innkaupavögnum, er gott að hljóðstyrkurinn sé það mikill að hann yfirgnæfi slíkt. Almenna „reglan“ er þó sú að hljóðstyrkur sé ekki það mikill að hann yfirgnæfi venjulegt talmál.

2. Mismunandi tónlist á mismunandi tímum

Hafðu í huga að tónlist sem passar á mánudagsmorgni passar e.t.v. ekki jafn vel á föstudagseftirmiðdegi. Þá þarf sérstaklega að huga að réttu tónlistinni í kringum jól og á öðrum hátíðisdögum.

3. Tengdu tónlistina við vöruna

Ertu að selja íslenska hönnun eða minjagrip? Spilaðu þá íslenska tónlist og undirstrikaðu heildarímynd fyrirtækisins. Ertu að selja mótorhjól? Þá væri vel til fallið að spila rokkónlist. Tónlistin getur líka undirstrikað tíðaranda tiltekins tíma. Rannsóknir sýna þó að almennt kann fólk best við tónlist sem það kannast aðeins við.



4. Réttur búnaður skiptir máli

Fjöldmörg fyrirtæki sérhæfa sig í því að veita ráðgjöf um réttan hljómbúnað og staðsetningar. Það getur skipt miklu máli að tónlistin dreifist rétt um svæðið. Tónlist getur einnig leitt fólk á ákveðna staði í verslunarrými og þá getur jafnvel verið gott að hafa mismunandi tónlist í mismunandi deildum verslunar eða rýmum veitingahúss.

5. Hugsaðu fyrir hvern er verið að spila tónlistina

Fyrir hvern ertu að spila tónlistina? Hver er markhópurinn þinn? Er hann ungt fólk á aldrinum 15–25, eða fólk komið af besta aldri? Huga þarf að mismunandi þörfum mismunandi markhópa.

6. Þú getur nýtt þér að koma skilaboðum á framfæri milli laga


Í sumum tilfellum getur það passað að setja auglýsingar eða upplýsingaskilaboð á milli laga til þess að auka sölu eða upplýsingaflæði.

7. Fagmennska í fyrirrúmi

Fjöldmargar leiðir er hægt að fara þegar notast á við tónlist í starfsemi fyrirtækja og eru möguleikar til virðisaukningar miklir. Rétt notkun á tónlist getur skipt sköpum fyrir þína starfsemi, vandaðu því valið og leitaðu ráða hjá fagmönnum um val á tónlist og tækjum.

6 STEF veitir leyfi fyrir hönd höfunda til opinbers flutnings tónlistar hér á landi.

EF ÞÚ VILT NOTA TÓNLIST Í STARFSEMI ÞINNI ÞARFTU AÐ SÆKJA UM LEYFI TIL STEFS. HÆGT ER AÐ SÆKJA UM LEYFI RAFRÆNT Á HEIMASÍÐU STEFS (STEF.IS).



Hvað er innifalið í leyfinu?

Þú mátt spila eins mikla tónlist og þú vilt í þínum atvinnurekstri. Þú ræður sjálfur hvernig þú velur tónlistina og getur þess vegna spilað sama lagið allan daginn. Þar sem STEF hefur sýnt fram á að hafa umtalsverðan fjölda innheimtuumboða frá höfundum, hefur Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitt STEFi lögformlega viðurkenningu til að innheimta einnig fyrir opinberan flutning þeirra höfunda sem standa utan samtakanna. Innifalið í leyfi STEFs er því bæði leyfi til að leika tónlist höfunda sem eru meðlimir í STEFi svo og annarra. Á grundvelli gagnkvæmra samninga við erlend systursamtök veitir STEF einnig leyfi til að leika erlenda tónlist.

Hvað kostar leyfi?

Leyfisgjald fer eftir stærð verslunar og fjölda þeirra samkvæmt rekstrarleyfum á veitingastöðum. Leyfisgjald vegna biðlína í síma fer eftir fjölda starfsmanna. Miðast leyfisgjaldið við gjaldskrá sem er að finna á heimasíðu STEFs (stef.is).



Hvernig er höfundaréttar-greiðslum úthlutað?

Öllu fé sem STEF innheimtir er úthlutað til innlendra og erlendra rétthafa, að frádregnum umsýslu-kostnaði. STEF leitast við að tryggja réttláta skiptingu á þeim greiðslum sem það innheimtir, þannig að höfundar fái greitt í samræmi við flutning tónlistar sinnar. Ekki er gerð krafa um að þjónustufyrirtæki, verslanir og veitingahús skili inn upplýsingum (spilunarskýrslum) til STEFs um þá tónlist sem notuð er í starfseminni. STEF úthlutar þessum greiðslum samkvæmt upplýsingum sem samtökin fá um aðra tónlistarnotkun og miðast úthlutun einkum við spilunarskýrslur útvarps- og sjónvarpsstöðva.

Samvinna við flytjendur og útgefendur

Þegar tónlist er leikin opinberlega af hljóðritum eiga flytjendur og útgefendur einnig rétt á greiðslu, líkt og höfundar. Á slíkt við hvort sem tónlistin er leikin af geisladiskum, henni streymt í gegnum tölvu eða miðlað á annan hátt til áheyrenda. Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) fer með rétt flytjenda og útgefenda. Til þess að gera notendum tónlistar auðveldara fyrir innheimtir STEF einnig gjöld fyrir hönd SFH og veitir leyfi fyrir þeirra hönd.

Hvað er STEF?

STEF eru samtök um 8.000 íslenskra tónskálda og textahöfunda, sem samið hafa tugi þúsunda verka. Hlutverk STEFs er að gæta hagsmuna tónhöfunda á sviði flutningsréttar og eintakagerðar (útgáfu). Á grundvelli gagnkvæmra samninga við erlend systursamtök nær hagsmunagæsla STEFs einnig til erlendra höfunda sem eiga verk sem leikin eru hér á landi, en STEF innheimtir og miðlar fjármunum til viðkomandi systursamtaka um allan heim.

UM LEIÐ OG TÓNLIST SKAPAR VIRÐI FYRIR ÞIG, SKAPAR ÞÚ VIRÐI FYRIR ÍSLENSKT TÓNLISTARLÍF

Viltu hafa samband?

STEF
LAUFÁSVEGI 40
101 REYKJAVÍK

S. 561 6173

WWW.STEF.IS

FACEBOOK.COM/WWW.STEF.IS